

Even-Zohar, Itamar 1999. "Heildarútgáfa Íslendingasagna á ensku". *Skírnir* (Tímarit hins íslenska bókmenntafélags), 173 ár, Vor 1999, pp. 209-214.

© All Rights Reserved

Electronically available from Itamar Even-Zohar's main Website:

- <http://www.tau.ac.il/~itamarez>

ITAMAR EVEN-ZOHAR

Heildarútgáfa Íslendingasagna á ensku

The Complete Sagas of Icelanders I-V

Aðalritstjóri Viðar Hreinsson

Reykjavík 1997

HEILDARÚTGÁFA Bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar á Íslendingasögum og -þáttum á ensku er aðdáunarvert framtak sem verðskuldar einróma lof. Í fyrsta sinn í sögu fornsagnaþýðinga fá í það minnsta enskumælandi lesendur tækifæri til að kynnst betur *ríkidæmi* og fjölbreytni íslenskra miðaldabókmennta. Sérstaða og einstök stórvirki þessarar bókmennta-hefðar, sem enn eru ekki nógu kunn í "heimsbókmenntasögum", verða vegna þessa framtaks mun aðgengilegri en áður. Þetta er sannarlega eftirtektarvert framlag til þess að afla einstæðum menningarafurðum Íslands alþjóðlegrar viðurkenningar.

Ritstjórar safnsins hafa lagt mikla vinnu og faglegan metnað í ólíka þætti verksins.

Í fyrsta lagi hafa þeir ákveðið að gera safnið eins fjölbreytt og mögulegt er. Afleiðingin er sú að nokkuð einsleit mynd Íslendingasagna sem hefur vafalaust skapast af áhrifum stóru sagnanna - Njálu, Laxdælu og Eglu - vikur fyrir fjölbreyttari blöndu sem býr yfir margvíslegum andblæ, tragískum og kómískum; fyndni, háðsádeilu og frásagnargleði og djúpum skilningi á mannlegu eðli búnum í form frásagnar sem einkennist af ofgnótt aðferða og stílbragða. Þótt margar sagnanna sem hér eru þýddar hafi birst í öðrum fornsagnasöfnum, gefur þessi heildarútgáfa þeim nýstárlegt og margradda yfirbragð. Þar að auki virðast nokkrir textanna hafa verið þýddir hér í fyrsta sinn, einkum þeir styttri.

Í öðru lagi hafa ritstjórnir ákveðið að reyna að fylgja íslenska frumtextanum mun nánar en hingað til hefur verið gert. Þetta þýðir í grundvallaratriðum að textinn er birtur í heild sinni án úrfellinga, t.d. ættartalna sem hafa nánast samkvæmt hefð verið álitnar "ónauðsynlegar" í enskum þýðingum. Þegar kemur að flóknari þáttum útgáfunnar má greina tilraunir til að forðast ríkjandi venjur í þýðingu fornsagna á ensku. Samkvæmt þessum venjum hafa menn forðast allt sem álitnið er "erfitt" en þess í stað umorðað það með föstum orðasamböndum. Til dæmis hefur allt myndmál verið umorðað og föst orðasambönd komið í staðinn. Þetta hefur einnig gilt um mörg þeirra stílbragða sem gefa íslenska textanum svip og snerpu. Í þessu nýja verki er á hinn bóginn reynt af einurð að kljást við erfiðleikana með því að leita lausna sem eru í

senn nær frumtextanum og ásættaðlegar fyrir "hinn enskumælandi lesanda". Einnig hefur verið lögð nokkur vinna í að samræma enskar gerðir orðaruna sem koma fyrir aftur og aftur, svo sem "X hét maður" eða "Nú er þar mál til að taka". Þessar tilraunir hafa þó ekki heppnast nema að hluta til (þótt ritstjórnir séu annarrar skoðunar).

Við þýðingu bundins máls, þ.e. ýmissa tegunda vísna, hefur einnig verið mörkuð djarfari stefna en fylgt hefur verið til þessa. Margar vísanna eru því ekki lengur einfaldaðar og "flatar" líkt og í fyrri þýðingum. Enskumælandi lesandi getur nú að einhverju leyti skynjað margbrotið eðli ljóðmálsins á svipaðan hátt og íslenskur lesandi. Skýringar sem bætt er við vísunar gera lestur þeirra einnig líkari því sem gerist í nútímalegum íslenskum útgáfum.

Að lokum hafa ritstjórnir bætt við gagnlegum inngangsköflum og notadrjúgri atriðisorðaskrá, sem hefur auðveldað þýðendum að nota vel skilgreind hugtök og komast hjá misræmi. Inngangskaflarnir og atriðisorðaskráin eru í flestum tilvikum nákvæm og gallalaus - sem kemur ekki á óvart, þar sem á meðal ritstjórnanna eru annálaðir smekkmenn á íslenskar bókmenntir.

Líkt og algengt er með svo viðamiklým verk má vera ritstjórunum ósammála um ýmsa hluti. Sumar aðfinnslur eru smávægilegar, aðrar veigameiri. Meðal þeirra minniháttar er flokkun sagnanna í efnisflokka, sem virðist algerlega tilgangslaus og jafnvel einfalda sögurnar um of. Auðskiljanlegar ritstjórnarlegar ástæður eru fyrir því að skipta efninu upp í nokkur bindi, en titlar sumra bindanna eru ansi fáránlegir í ljósi hins ríkulega og fjölbreytta eðlis hvers texta fyrir sig sem útilokar alla einhæfa flokkun. Það sama má segja um kortin fremst í hverju bindi og nokkuð fjálglega formála eftir fyrimenn ríkis og stofnana. Íslendingasögurnar þurfa síst á slíkri flokkun, kortum og yfirlýsingum um ríkiseign að halda. Slíkt getur jafnvel fælt lesendur frá fremur en að laða þá að.

Mér skilst á hinn bóginn að Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar sé sem betur fer að undirbúa nýja útgáfu þar sem textunum er skipt upp í fleiri bindi. Þar af leiðandi virðist tilgangslaus að eyða orku í að ræða þessi atriði frekar.

Annað umdeilanlegt smáatriði er sú, að því er virðist, djarfa ákvörðun að halda íslenskum nöfnum óbreyttum. Ég er hræddur um að þetta sé ekki til þess fallið að auka skilning á frumtextanum. Vegna merkingarfræðilegra líkinda með íslensku og ensku þyrfti að fara mun djarfari leið í endurbættri útgáfu, leið sem myndi útrýma í eitt skipti fyrir öll ríkjandi misskilningi um íslensk nöfn. Þar sem íslensk nafnahefð byggist ekki á ættarnöfnum ætti að vera búið að þýða Eiríksson sem Eric's son (eða Eirik's son) fyrir löngu. Að öðrum kosti á maður á hættu að rekast aftur og aftur á hvímléiða texta (líkt og þann sem Parks Canada hefur gefið út á heimasíðu L'Anse aux Meadows eða á vefsíðu sem nefnist "Leif Eiríksson Home Page") þar sem herramaður að nafni Eiríksson (án skírnar-

nafns) gerir hitt og þetta. Enn verra er að fást við nöfn eins og Þorbjarnardóttir, sem er ekki einu sinni víst að venjulegur enskumælandi lesandi skilji að sé nokkuð skyld náunga að nafni Þorbjörn - kunnátta í íslenskri málfræði er nauðsynleg til að tengja þar á milli! Auk þess sem notkun íslenskra mynda nafnanna er ónákvæm og ófullnægjandi er eftirtektarvert að ritstjórnarnir sýna hér einkennilega tvöfalt siðferði ef miðað er við *Íslenskan menningarheim*. Íslendingar hafa nefnilega löngum þýtt nöfn staða og manna. Þegar fornsögur Hebrea (sem af fátánlegum ástæðum eru kallaðar "Gamla testamentið" á íslensku og öðrum tungumálum) eru lesnar á íslensku eru hebresk föðurnöfn þýdd en ekki *umrituð* yfir á íslensku. Ef Íslendingur tæki upp á því að tala við Ísraelsmann um "Nersson" og "Davíðsson" í stað "Ben Ner" og "Ben David" myndi viðmælandinn ekki skilja við hverja væri átt. Næstum öll landfræðileg heiti á jarðarkringlunni eiga sér íslenska mynd (frá "Gyðingalandi" til "Nýfundnaland"), samt kjósa ritstjórnarnir að halda íslenskum nöfnum óbreyttum (að augljósum viðurnefnum undanskildum) jafnvel þótt merking nafnanna geti verið mjög mikilvæg, eða gefi a.m.k til kynna einkenni umhverfis, ólíkra jarða, dýra, áa, hæða og voga.

Enn eitt umdeilanlegt atriði er nútímavæðing textans sem felst í því að skilja tilsvör frá flæði frásagnarinnar, Líkt og alkunna er hefur þetta orðið að venju á Íslandi. Upphafið má, ef mig misminnir ekki, rekja til Halldórs Laxness og tímamótaútgáfa hans á Íslendingasögum. Halldór vildi heimta sögurnar úr höndum textafræðinga og fornfræðinga og færa þær nær hinum almenna lesanda sem var þegar orðinn vanur nútímalegri útgáfuvenjum. Á hinn bóginn er umdeilanlegt hvernig þessi nútímavæðing fellur að skáldskaparfræði sagnanna og frásagnarhætti, þar sem bein ræða, óbein ræða, hálfbein ræða og samantekt í frásögn tvinnast saman. Slíka skáldskaparfræði má finna í öðrum bókmenntahefðum, bæði forn-um og nýjum. Þetta er til dæmis eitt megineinkenni á prósa Heinrichs von Kleists, og enginn nútímaútgefandi Kleists myndi láta sig dreyma um að taka upp slíka aðgreiningarstefnu! Ég þekki að sjálfsögðu rökin um skort á skinni til handritagerðar og ófullkomnar ritvenjur á rttunar-tímanum. En nútímalegur aðskilnaður milli beinnar ræðu og frásagnar er engu að síður viðbót, og fornsagnaútgáfur ættu að fylgja slíkri stefnu af nokkurri varúð. Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar hefði betur fylgt fordæmi Íslenzkra fornrita í þessu máli fremur en nútímalegri útgáfu Svarts á hvítu.

Þessi umdeilanlegu atriði má á hinn bóginn auðveldlega leiðrétta, ef ritstjórnarnir einsetja sér það í þeim endurskoðuðu útgáfum sem nú er unnið að. En önnur og stærri vandamál verða ekki jafn auðveldlega leyst þar sem þau byggjast aðeins að hluta til á persónulegum ákvörðunum ritstjóra og þýðenda. Mörg þessara vandamála ættu ritstjórnarmr þó að reyna að leysa, ekki síst vegna þess að þýðingarnar munu að öllum líkindum hafa mikil áhrif.

Fyrsta stóra vandamálið snýr að frumtextanum. Ritstjórnir gera sér ljósa grein fyrir hversu flókið vandamál er hér á ferð og hafa reynt að leysa það með því að nota þá útgáfu hvernar sögu sem þeim sýnist henta best frá sinu sjónarhorni. Meðal íslenskra textafræðinga hefur löngum viðgengist að endurgera upphaflegan texta fornsagna. Með hliðsjón af því mætti segja að það væri tilgangslaust fyrir útlendinga að lesa sögurnar í öðrum útgáfum en þeim sem Íslendingar sjálfir þekkja. Þangað til þessi venja breytist á Íslandi (sem ég vona að hún geri að lokum) geta þýðingar því ekki fylgt öðrum textum en þeim sem viðteknir eru á Íslandi. Ég hefði engu að síður viljað að þetta efni væri rætt á opinskárrí hátt og það útskýrt fyrir enskumælandi lesendum. Einnig hefði þurft að gera nokkra grein fyrir þeim mun sem er á einstökum útgáfum, til dæmis í eftirmála með þeim sögum þar sem þetta skiptir mestu máli. Þyngra vegur þó að þýðendurnir, einkum þýðendur þeirra texta þar sem þetta skiptir mestu máli, hefðu átt að gera sér betri grein fyrir vandamálinu.

Að fela vandamálið getur, þvert á ætlun ritstjóranna, leitt til þess að lesandinn fái villandi upplýsingar. Sem dæmi má taka að í inngangsorðum að Njáls sögu segir að þýðingin fylgi útgáfu Íslenskra fornrita sem "byggja á fjórtánda aldar handritinu Möðruvallabók". Slík staðhæfing á ekki heima í jafn metnaðarfullri útgáfu og *The Complete Sagas of Icelanders* árið 1997, þar sem allir meðlimir ritstjórnarinnar vita fullvel að Einar Ólafur Sveinsson fór frjálsslega með texta Möðruvallabókar í útgáfu sinni og víkur gjarnan frá honum á afdrífaríkan hátt, oft og iðulega án þess að geta þess sérstaklega. Því miður, að minnsta kosti að mínu mati, verður hin nýja enska þýðing Njáls sögu, þrátt fyrir marga kosti og dirfsku, afar nútímalegur endurgerður texti sem hefur ýmsa annmarka. Blind hlýðni við útgáfu sem byggð er á nútímalegum túlkunum getur að óþörfu og ósekju truflað þýðandann. Í Njáls sögu fylgir þýðandinn gagnrýnislaust þeirri skýringu að "seinni hluti vísunnar" sem Skarphéðinn á að hafa kveðið "eftir dauða sinn" (130. kafli) "hafi ekki verið skýrður að fullu" og ákveður þar af leiðandi einfaldlega að sleppa honum (sú lærða athugasemd að víshelmingurinn "falli ekki alveg að samhenginu" er algerlega óviðeigandi). Vísan er reyndar óljós, en samt hefði átt að þýða hana. Hvernig og hvers vegna vonast ég til að útskýra í sérstakri grein síðar.

Annað vandamál, og augljóslega það stærsta, er þýðingin sjálf. Þrátt fyrir að mikið framfaraskref hafi verið stigið, og fyrir það *eiga* aðstandendur verksins hrós skilið, er ennþá margt sem betur má fara. Misræmið milli frumtextans og ensku gerðanna er víða umtalsvert. Á hinn bóginn eru takmörk fyrir því sem jafnvel hópur velviljaðra íslenskra ritstjóra og samviskusamra þýðenda getur gert. Vandamálið felst í sjálfu eðli verkfnisins annars vegar og ástandi enskrar bókmenntahefðar hins vegar. Í gamalli grein minni ("The Position of Translated Literature within the Literary Polysystem", endurútgefin í *Polysystem Studies*, 1990, s. 27-44)

reifaði ég þau lögmál sem ráða því hvernig þýðingar geta flutt breytingar (eða nýjungar) með sér inn í listbragðaförða heimalandsins (safn þeirra möguleika sem fyrir hendi eru): Þegar þýðingar eru á jaðri bókmenntahefðar er einungis beitt viðurkenndum stílbrögðum hver sem þýðandinn kann að vera. Því eru tilraunir, sem höfundar á borð við Virginiu Wolf eða William Faulkner geta leyft sér með enska stílhefð, þar með talið allar mögulegar kúnstir og léttúð í meðferð "enskrar tungu", ekki taldar viðunandi hjá enskum þýðanda. Og þar sem svo langt er um liðið síðan þýðingar hættu að gegna mikilvægu hlutverki í enskum bókmenntum, hefur ensk bókmenntahefð okkar daga ekki þróað með sér fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni gagnvart öðrum bókmenntum og framandi menningu. Þótt ekkert sé að "tungumálinu" út af fyrir sig, hefur enska reynst vera afleitt verkfæri til raunverulegra alþjóðlegra nota. .

Ef Íslendingasögurnar verða einhverntíma þýddar af þessari ensku gerð yfir á önnur mál (sem eru alvanaleg vinnubrögð innan margra bókmenntahefða) gæti útkoman orðið algerlega óviðunandi. Forsenda djarfari fornsagnaþýðinga á ensku er að öllum líkindum breytt bókmennta-umhverfi í hinum enskumælandi heimi og nýr hópur þýðenda sem hefði getu til að brydda upp á nýjungum í þýðingum. Hvað sem því líður, og þar til slíkur hópur kemur fram, ættu jafnvel hófsamari þýðendur og stórhuga lærðir ritstjórar að huga betur að vissum "bókmenntalegum" eiginleikum sagnanna, hinni einstæðu rödd þeirra.

I fyrsta lagi ætti að forðast að færa málið um of í formlegan búning. Svo dæmi sé tekið getur það verið ósjálfrátt viðbragð ensks textasmiðs að breyta "said" í "reported" eða "retorted"; beita má sjálfsaga til að koma í veg fyrir slíkar breytingar.

Önnur athugasemd vegur þó þyngra: Í stað þess að lesa sögurnar með heiðríkju í stíl og dálæti á *repliques bien faites* í huga, og í stað þess að gera ráð fyrir að öll ónákvæmni sé "slysaleg villa" einhvers "eftirritara", sem þarf að færa til betri vegar, gæti borgað sig að treysta betur hæfileikum, sköpunargáfu og snilli miðaldahöfunda og ritstjóra, og þýða þar af leiðandi texta þeirra af meiri nákvæmni. Þótt ekki sé rúm fyrir langa greiningu í rítdómi eins og þessum, er rétt að koma með einfalt dæmi.

Í 11. kafla Njálu er lýst gremju Hallgerðar yfir matarskorti á heimili þeirra Þorvalds, fyrsta eiginmanns hennar sem hún var gefin nauðug. Gremja hennar kemur fram þegar hún segir við Þorvald: "Ekki fer eg að því þó að þú hafir svelt þig til fjár og faðir þinn." Setningin er bersýnilega óvenjulega samsett, þannig að þýðandinn (hvattur af "ritstjórum", "íslenskum lesendum", "enskum lesendum" og "ráðgjöfum" (sjá s. XXV) og í samræmi við hefðina) samræmir hana málvenju á eftirfarandi hátt: "It's none of my business if you and your father starved yourselves to save money." Boðin komast til skila, en hvað er þá að? Gallinn er sá að á ensku talar yfirveguð kona, sem kann að koma fyrir sig orði og

hefur fullkomna stjórn á aðstæðunum og málfræðilegu samræmi: "if you and your father ... starved yourselves". En þetta er ekki Hallgerður frumtextans, ung kona í uppnámi sem rífst við eiginmanninn og hrópar svolítið samhengislaust, en kannski á þann hátt sem einkennir hjónabandsrjúk: "What do I care [þetta virðist eiga betur við en "none of my business"] if you starved yourself for money! ... and your father!" Orðunum "and your father" er augljóslega bætt við eftirá, ólíkt hinum fyrirframhugsuðu orðum enska textans, hinu vel undirbúna "communiqué" í stíl *replique bien faite* - hinnar faguðu setningar. Þessi sena frá miðöldum er fullkomlega "nú tímaleg" og sannfærandi í sálfræði og framsetningu; hér sjáum við hversu næmt eyra höfundurinn hefur fyrir hversdagslegri ræðu. Allt sem við þurfum að gera er að hlusta. Og Njála er kannski umfram aðrar sögur, þótt hún sé ekki einstök að þessu leyti, full af slíkum dæmum.

Ég vona svo sannarlega að þeir sem vinna nú að endurskoðaðri útgáfu þýðinganna láti ekki einstakt tækifæri til að miðla þessari snilld af meira næmi og nákvæmni ganga sér úr greipum. Útgáfa *The Complete Sagas of Icelanders* er sannarlega stórkostlegt framfaraskref, fleiri skref þurfa að fylgja í kjölfarið.

Jón Yngvi Jóhannsson þýddi.

[síða 238]

Itamar Even-Zohar (f. 1939) er prófessor í menningarfræðum við háskólann í Tel Aviv. Hann var áður prófessor í bókmennta- og þýðingarfræðum við sama skóla og hefur þýtt fjölda sígilda norræna verka á hebresku. Hann vinnur nú að þýðingum Íslendingasagna á hebresku.

SKÍRNIR - Tímarit hins íslenska bókmenntafélags

ISSN 0256-8446

Ritstjórar: Róbert H. Haraldsson og Jón Karl Helgason.

Híð íslenska bókmenntafélag, Pósthólf 8935, 128 Reykjavík
